

Stjórnarfundur KRAFT var haldinn á skrifstofu sambandsins fimmtudaginn 26. október kl. 20.00

Mætt voru: Sigurjón, Guðjón, Kári og Birgir

Þetta gerðist:

1. **Fundargerð** síðasta fundar samþykkt. Fundargerð frá Formannafundi hefur ekki borist.
2. **Auglýsingar á búningum.** Samþykkt var á Formannafundi sl. sunnudag að setja niður reglur um auglýsingar á mótum. Guðjón og Helgi fara í málið. Taka þarf tillit til IPF reglna í þessu sambandi.
3. **Skráningar í Felix.** Sigurjón ýtir á Massa og Gróttu.
4. **Þjálfarmál.** Fyrir liggur að sambandið getur fengið þjálfara erlendis frá bæði frá Noregi svo og USA. Samþykkt að biðja Gry um að kanna kostnað og annað varðandi að fá þjálfara frá Noregi og að landsliðsþjálfari taki að sér forystu í þessu máli.
5. **Landsliðsþjálfaramál.** Guðjón setur niður drög að starfslýsingu fyrir landsliðsþjálfarastöðu sem lögð verður fyrir stjórn.
6. **Mótaskrá.** Komið er á hreint með alla mótshaldara en tímasetningar eru enn í vinnslu. Stefnt er að því að negla niður tímasetningar móta sem allra fyrst. Erfiðlega gengur að fá tímasetningar hjá íþróttahúsum.
7. **Metahæf mót til Íslandsmeta.** Samþykkt að mótareglur verði endurskoðaðar m.t.t. þess að öll mót á mótaskrá KRAFT verði hæf til Íslandsmeta.
8. **Umsóknir** um styrki í Afreksmannasjóð og Unga og efnilega. Kári sér um útfyllingu umsókna. Greinargerð um flokkun kraftlyftingamanna liggur fyrir frá Halldóri Jónhildarsyni. Stjórnarmenn kynna sér greinargerðina.
9. **Miss Powerlifting World – yfirlýsing.** Samþykkt að stjórn sambandsins sendi frá sér yfirlýsingu ef IPF hefur ekki brugðist við fyrir lok næstu viku.
10. **Bikarmótið á Akureyri.** Skráningu er lokið. Skráðir keppendur eru 48. Keppnissettið og ljósín fara norður með rútu Breiðabliks.
11. **HM í Tékklandi í nóvember.** Gry mun sitja ársþing IPF. Auðunn og María keppa fyrir hönd Íslands og Klaus og Grétar verða aðstoðarmenn.

Fundi slitið kl. 21:15